

21. maí 1996 | Innlendar fréttir | 455 orð

Sýni tekin í Digranes- og Hjallaskólum vegna hundasýningar í íþróttahúsi**Tífalt fleiri ofnæmisvakar mældust í skólastofu**

SÝNATAKA í Digranes- og Hjallaskólum hefur leitt í ljós tífalt meira af hundaofnæmisvaka í kennslustofu en í íþróttahúsi daginn eftir hundasýningu. Mælt var í stofunni fyrir sýningu og áður en börnin komu í skólann. Hundasýningin var haldin í íþróttahúsi Digranesskóla, sem nemendur Hjallaskóla nýta einnig, fyrstu helgina í mars, og fór Hundaræktarfélag Íslands fram á að mælingin yrði gerð.

Sýni tekin í Digranes- og Hjallaskólum vegna hundasýningar í íþróttahúsi Tífalt fleiri ofnæmisvakar mældust í skólastofu

SÝNATAKA í Digranes- og Hjallaskólum hefur leitt í ljós tífalt meira af hundaofnæmisvaka í kennslustofu en í íþróttahúsi daginn eftir hundasýningu. Mælt var í stofunni fyrir sýningu og áður en börnin komu í skólann. Hundasýningin var haldin í íþróttahúsi Digranesskóla, sem nemendur Hjallaskóla nýta einnig, fyrstu helgina í mars, og fór Hundaræktarfélag Íslands fram á að mælingin yrði gerð. Mótmæli voru gerð vegna sýningarinnar, meðal annars fyrir hönd foreldra sem eiga börn með ofnæmi.

Unnur Steina Björnsdóttir, sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum, sem tók sýnin, segir að leitað hafi verið að ferns konar ofnæmisvaka í einni af skólastofum Hjallaskóla fyrir sýningu og íþróttahúsi Digranesskóla 24 og 48 tímum eftir að henni lauk.

Um er að ræða rykmaurana *dermatophagoides pternissinus* og *dermatophagoides farinae*, og eggjahvítusamband í háirsekk hunda og katta, sem nefnt er Can d I í hundi, og Fel d I í ketti.

"Það mælist ekkert í útblásturslofti loftræstikerfis, á veggjum eða gólfi, fyrir sýningu en töluvert magn ofnæmisvaka á gólfi og veggjum íþróttahússins meðan á henni stendur. Síðan mælist ekkert á gólfinu en örliðið í útblæstrinum 24 og 48 tímum eftir sýningu," segir hún.

Ofnæmisvakinn er mældur í nanógrömmum í hverju rykgrammi og segir Unnur Steina að á meðan sýningin stóð yfir hafi fundist 2.600 nanógrömm af Can d I í hverju grammi og 16 nanógrömm af Fel d I á gólfi hússins. Daginn eftir hafi mælst 105 nanógrömm af Can d I í loftræstikerfinu, en ekkert af Fel d I. Segir hún enn fremur að kattaofnæmi sé mun alvarlegra en hundaofnæmi, sem sé algengara.

Aðstæður ákjósanlegar í íþróttahúsinu

"Mælingin í skólastofunni leiddi hins vegar í ljós töluvert magn af hunda- og kattaofnæmisvaka á stólum og gólfi. Þar fundust 1.050 nanógrömm af Can d I í hverju grammi af ryki á stól, eða helmingur þess sem mælist meðan á sýningunni stendur, og 875 nanógrömm af Fel d I í rykgrammi á stólunum. Engir rykmauraofnæmisvakar mældust hins vegar, sem er merkilegt miðað við það sem þekkist erlendis frá, þar sem rykmauraofnæmi er mun algengara," segir Unnur Steina.

Segir hún jafnframt að magnið sem mældist í loftræstikerfi íþróttahússins sé ekki mikið. "En sá sem er með slæmt ofnæmi og astma, þarf óskaplega lítið magn til þess að kalla fram einkennin. Þeir einstaklingar eru hins vegar fáir."

Hvað skólastofurnar varðar segir hún þekkt að astmi versni til dæmis mjög mikið hjá börnum með kattarofnæmi þegar skóli hefjist aftur að hausti. Enda sé vitað að gæludýrahald hafi aukist mjög mikið á undanförunum árum.

Unnur Steina segir loks að varasamt sé að yfirfæra niðurstöðurnar úr mælingu í íþróttahúsi Digranesskóla því aðstæður þar séu ákjósanlegar. Mjög auðvelt sé að þrifa húsið og engin samskeyti á gólfdukk.

Landsaðgangur | **hvar.is**
AÐ R A F R Æ N U M Á S K R I F T U M